

Föstudaginn 13. júní 1952.

Nr. 87/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Magnúsi Þórðarsyni
f. h. dánarbús Óskars Magnússonar
(Gunnar Þorsteinsson).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Lúðvík N. Lúðvíkssyni og Sæmundi Jónssyni.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að ómerk-ingarkröfu áfrýjanda verði hrundið og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Áfrýjandi, sem mætti ekki í málinu í héraði, byggir ómerk-ingar- og frávísunarkröfu sína á því, að í eftirriti því af héraðsdómsstefnunni, sem stefnuvottar afhentu honum og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er óutfyllt eyða fyrir dag og stund, er málið skyldi þingfest. Kveðst áfrýjandi þess vegna ekki hafa vitað, hvenær þingfesting skyldi fara fram, og því ekki hafa mætt, er málið var tekið fyrir.

Eftirrit stefnu, sem svo er áfátt sem að framan er lýst, fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Þar eð áfrýjandi mætti ekki við fyrirtekt málsins, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýj-anda kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Magnús Þórðarson f. h. dánarbús Óskars Magnússonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. þ. m. og endurupptekið í dag og að nýju lagt í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Magnúsi Þórðarsyni, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Óskars Magnússonar samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna með stefnu, útgefinni 21. maí 1951, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðavegi 20, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta, að fjárhæð kr. 4800.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði dæmdur lögveðréttur í m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur hvorki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að sonur hans Óskar Magnússon hafi verið skipverji á m/s Helga VE 333, eign stefnda, og hafi farizt með skipinu 7. janúar 1950 við Faxasker við Vestmannaeyjar. Hafi þá allar eigur hans glatazt, sem hann hafði með sér í skipinu. Telur stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. janúar 1945, sem settar voru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi Óskars Magnússonar fébætur fyrir eignir hans, sem fórust með skipinu, er nemi ofangreindri fjárhæð.

M/s Helgi VE 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114.75 rúmllestir brúttó, en 60.34 rúmllestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða stefnandanum kr. 1600.00 í bætur fyrir eignatjón við sjóslýsið, að viðbætti verðlagsuppbót. Kauplagsvísitalan í janúar 1950 nam 300, og nema því bæturnar kr. 4.800.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtunum, eins og krafizt hefur verið.

Svo þykir rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febrúar 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Þórðarsyni f. h. dánarbús Óskars Magnússonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1952.

Nr. 76/1951. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Ármani Óskari Guðmundssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti kvað upp héraðsdóminn.

Þegar ákærði sá telpur hlaupa út úr búðinni í húsinu nr. 11 við Bárustíg og yfir gangstéttina að bíl hans, hefði hann, eins og á stóð, átt þegar að hemla og reyna með þeim hætti að afstýra slysi. Þetta gerði ákærði ekki, og varðar sú vanræksla hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga, er getur í hinum áfrýjaða dómi. Þegar litið er til þess, hversu skyndilega telpurnar hlupu úr búðinni og að bílnum, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærða hefði tekizt að afstýra slysinu, þótt hann hefði hemlað. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 7 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.